

1. fundur menningar og æskulýðsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018 - 2022

Haldinn í Árnesi, mánudaginn 17. september kl. 18.00.

Mættir: Kristófer Tómasson, sveitarstjóri, Anna Kr. Ásmundsdóttir, formaður, Lára Bergljót Jónsdóttir (í forföllum Ástráðar Sigurðssonar), Hrönn Jónsdóttir.

Fundarefni:

- Erindisbréf nefndarinnar
- Önnur mál

Erindisbréf

- Kafli II tekinn til endurskoðunar; II kafli, verkefni, 5. grein[...]
 - Ákveðið að kalla til vinnufundar nefndarinnar til að vinna nánar að kafla II og skoða þá nánar alla kafla erindisbréfs. Stefnt að slíkum fundi í byrjun nóvember.
 - Nefndarmenn eru sammála um að marka þurfi nánara málauflokka nefndarinnar og koma betur á framfæri hver séu eiginleg málefni nefndarinnar.
 - Setja inn markmið allra lista til sveitarstjórarkosninga 2018, hvað varðar stefnu í menningar- og æskulýðsmálum í sveitarfélagini.
 - Jafnframt unnið að þankahríð vegna Uppsprettunnar á þeim fundi.
 - Kristófer sendir öllum nefndarmönnum skýrslu formanns menningar- og æskulýðsnefndar sem Word-skjal, frá síðasta tímabili – pdf.skjal frá 2. fundi sveitarstjórnar, 2. júli, 14. mál.

Önnur mál

Uppsprettan

- Stefnt að því að halda þankahríð varðandi Uppsprettuna í lok árs 2018.
 - Ýmsar hugmyndir á lofti á fundinum og ástæða til að kalla til fleiri aðila til samstarfs.
 - Kalla til þankahríðar, aðila sem hugsanlegir væru í samstarf vegna Uppsprettunnar; ungmennaráð, Ungmennafélögin, kvenfélögin, björgunarsveitin Sigurgeir, Skógrækt ríkisins, Landsvirkun, sundlaugar, ýmis fyrirtæki í sveitarfélagini, o.s.frv.
 - Nánar unnið á vinnufundi nefndar, sjá ofar.
 - Rætt um hvernig hægt sé að gera Uppsprettuna að sveitahátíðinni okkar – fá heimamenn til að taka þátt – vinna að því að fá heimamenn til að upplifa þessa hátíð sem sína sveitahátíð.

Íþróttavika ÍSÍ

- Stefnt að því að taka þátt í evrópsku íþróttavikunni sem ÍSÍ hefur hvatt sveitarfélög um allt land til að taka þátt í.
- Ákveðið að hafa íþróttaviku hér í sveit í lok október
 - vikuna 21. október – 28. október.
- Hrönn mun hafa samband við ÍSÍ vegna samstarfs.
- Hugmynd um að opna íþróttavikuna með málþingi
 - erindi um hreyfingu, mataræði, o.s.frv.
 - hreyfibingó
 - fatasund
 - handboltasundmót/boltasundmót
 - ásadans
 - o.s.frv.
- Formaður nefndar hendir pósti á milli nefndarmanna vegna íþróttaviku
 - tilkynning inn á heimasíðu sveitarfélagsins
 - rætt um gegnsæi tilkynninga inni á heimasíðu – Kristófer skoðar það mál.
 - auglýsing í Fréttabréf Skeiða- og Gnúp. – skilafrestur, föstudaginn 12. október.

Annað – hent á loft

- opnunartímar fyrir ungmenni í Skeiðalaug – föstudagar/aðrir dagar – gera tilraun til eins mánaðar, t.d.
- gera 17. júní meira lifandi – hafa blásturstónlistarmenn með í skrúðgöngunni – endurvekja traktorshæfniskeppnina, o.fl.

Dagsetningar sem þarf að hafa í huga;

- skilafrestur vegna evrópskrar íþróttaviku í Fréttabréfið 12. október
- þátttaka sveitarfélagsins í evrópskri íþróttaviku 21. – 28. október
- vinnufundur menningar- og æskulýðsnefndar í byrjun nóvember
- þankahríð með ýmsum samstarfsaðilum Uppsprettunnar í lok árs 2018